








## GRAFÍSK TÁKN,

Öll mál eru í millimetrum og hæðarkótar eru í millimetrum.

-  A táknar kóta (hæð) í sniðum
-  B táknar kóta (hæð) á grunnmyndum
-  C táknar kóta (hæð) á einstökum punkti á grunnmyndum
-  D táknar kóta (hæð) á einstakri línu á grunnmyndum
-  B.K. táknar botnkóta á undirstöðum

 Stendur fyrir þykktir á veggjum og plötum, hér 200mm

 Stendur fyrir halla á greftri eða fyllingu í sniði




Horft er niður á gólfid. Veggir ofan plötu eru sýndir með heilum línunum, veggir og bitar neðan plötu eru sýndir með brotnum línunum. Járn í efri brún plötu eru sýnd með heilum línunum og eru auðkennd með bókstafnum T. Járn í neðri brún plötu eru sýnd með brotnum línunum og eru auðkennd með bókstafnum B.

## Breytingatákn

Breytingar eru táknar með bókstöfum, A, B, C o.s.frv. Dregið verður ský utan um allar breytingar, sem gerðar eru á milli útgáfa á hverri teikningu.

Breyting númer B og svæði í biðstöðu eru sýnd sem



## HÖNNUNARFORSENDUR.


Húsið er hannað skv. gildandi Evrópustöðlum, íslenskum þjóðarskjölum og byggingarreglugerð.

Meðhöndlun álags (álagsfléttur) eru í samræmi við ÍST EN 1990

### ÁLAGSFORSENDUR

- Eigið álag: Skv. ÍST EN 1991-1-1
- Viðbótar eigið álag: Torfbak: 4,5 kN/m<sup>2</sup>  
Gólf almennt, einangrun, ílagn, gólfefni, lagnir og loft: 2,5 kN/m<sup>2</sup>.
- Notálag: Notálag er reiknað skv. ÍST EN 1991-1-1  
Flokkur A q = 2 kN/m<sup>2</sup> eða Q = 2 kN.
- Vindálag: Vindálag er reiknað skv. ÍST EN 1991-1-4 og íslenskum þjóðarskjölum.  
Grunngildi vindálags er 2,11 kN/m<sup>2</sup> \* Cp fyrir aðalhús fyrir 7,6 m hæð og 1,73 kN/m<sup>2</sup> \* Cp fyrir aðstöðuhús fyrir hæð 3,3 m.  
Miðað er við hrýfisflokk I.
- Snjóálag: Snjóálag er reiknað skv. ÍST EN 1991-1-3 og íslenskum þjóðarskjölum.  
Byggingin er á svæði 1 með grunngildi snjóálags Sk = 2,1 kN/m<sup>2</sup>  
Yfirborðsstuðull Ce = 0,6  
Tekið er tillit til snjósöfnunar.
- Jarðskjálftaálag: Jarðskjálftaálag er reiknað skv. ÍST EN 1998-1-1 og íslenskum þjóðarskjölum.  
Lárétt grunnhröðun ag = 0,5g  
Jarðvegsflokkur A  
Mikilvægisflokkur II  
Hegðunarstuðull 1,5
- Útbeygjukröfur: Skv. Byggingarreglugerð, flokkur A

## Teikningarnúmer



## GRUNDUN.

Grundun er í samræmi við ÍST EN 1997 - 1 og íslensk þjóðarskjöl

### Undirstöðujarðvegur undir botnplötu:

- Byggingin er grunduð á vel þjappaða fyllingu. Leyfilegur jarðvegsþrýstingur er 0,3 MPa á þjappaða fyllingu.

### Fylling að sökklum og undir botnplötu:

- Undir sökklum og botnplötu og að húsi skal fylla með burðarhæfu frostþolnu efni þjöppuðu í hæfilegum lagþykktum.
- Ætíð skal haga þjöppun þannig að hún valdi ekki óeðlilega miklu niðurbroti á því efni sem þjappa skal. Fyllingarefnið skal lagt út í lögum og hvert lag vökvað og þjappað blautt með vibrovaltara. Í töflu hér að neðan kemur fram minnsti fjöldi yfirferða fyrir ákveðna lagþykkt og tæki.
- Sérstök aðgát skal höfð þegar þjappað er nálægt mannvirkjum. Næst veggjum skal nota plötubjöppu og þjappa í 20cm lögum við hæfilegt rakastig, 3 til 4 umferðir á hvert lag. Sama gildir í lagnaskurðum. Þegar fyllt er að stoðveggjum og sökklum skal þess gætt að mismunarhæð sitt hvoru megin við veggina sé í lágmarki (max 0.5 m).
- Um fyllingar skal gilda, að þær séu úr burðarhæfu, þjappanlegu, ólífrænu og frostþolnu malarefni með góðri kornadreifingu.

### Fyllingarefnið er háð samþykki eftirlitsmanns verkkaupa:

- Efnið telst frostþolið ef minna en 5,5 % af þyngd efnisins er finna en 0.063 mm. Ekki má fylla með frosnu efni eða efni sem er blandað snjó. Stærsti steinn má ekki vera stærri en 2/3 af lagþykkt. Í efsta 1/2 metranum í fyllingunni undir húsinu og í efsta metranum í fyllingunni umhverfis húsið skal stærsti steinn þó ekki vera stærri en 15 cm í þvermál. Kornadreifingu hvers lags skal þannig háttað að ekki sé hætta á að finni efni úr einu lagi gangi inn í grófara efni í næsta lagi undir eða yfir. Verktaki skal í viðurvist eftirlitsmanns taka prufur af því efni sem hann notar og láta rannsaka kornadreifingu þess á sinn kostnað hjá viðurkenndum prófunaraðila.

Tæki til þjöppunar	Þungi [ tonn ]	Lagþykkt [ cm ]	Fjöldi yfirferða
Vibrókefli	3-5	20	3
		30	4
		40	6
Vibrókefli	5-8	30	3
		40	4
		50	6
Vibróvaltari	5-9	30	4
		40	5
		50	7

### Einangrun undir botnplötu og að sökklum:

- Einangra skal undir botnplötu og allt að 0,6 m niður með sökklum með polystyren plasteinangrun með rúmþyngd a.m.k. 24 kg/m<sup>3</sup>. Þykkt einangrunar skal vera 100 mm undir botnplötu og 100 mm niður með sökklum



Útg.	Dags.	Skýring	Br. af:	Yfirf.
A	15.08.2017	Vinnuteikning	DSP	BJP



Gata 4, Frístundahús  
845 Flúðum

Burðarþol  
Almennar skýringar  
Grundun, tákn og forsendur

TEIKNUNUMÉR	BLADSTÆR	HANNAÐ	DSP
4515-004	A1	TEKNAÐ: EDJ	
XX_1_04_01		YFIRFARIR: BJP	
DAGS:	MÆLIKVARDIR	ÚTGÁFA	
15.08.2017		2778	A
SAMÞYKKT:	BJP		
KENNTAL:	29163-5139		